

Telji stjórn sjóðsins að sá er greiðslu fékk hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ábyrgðasjóði skal stjórn sjóðsins tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

18. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 88/1990, með síðari breytingum, svo og 6.–8. gr. laga nr. 1/1992.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

Gjört í Reykjavík, 2. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nr. 53

1. júní 1992

LÖG

um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr 40/1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.